



STARFSLEYFI

ÞJÓNUSTUAÐILA HANDSLÖKKVITÆKJA

Ólafur Gíslason & Co hf

Kt. 500269-3759

hefur heimild til þess þjóða þjónustu við viðhald, skoðun og áfyllingu á eftirfarandi gerða handslökkvitækja:

Vatnstæki
CO2 tæki
Léttvatnstæki
Dufttæki

Ábyrgðarmaður er Benedikt Einar Gunnarsson, kt. 010853-2739

Starfsleyfi þetta er gefið út af Mannvirkjastofnun á grundvelli reglugerðar um þjónustuaðila brunavarna nr. 1067/2011, sbr. 38. gr. a laga um brunavarnir nr. 75/2000. Starfsleyfið fellur úr gildi hætti þjónustuaðili starfsemi. Framsal starfsleyfis er óheimilt.

Starfsleyfið gildir til 9. apríl 2024.

Reykjavík, 9. apríl 2019
F.h. Mannvirkjastofnunar


Kristján Vilhelm Rúriksson

UM SKYLDUR ÞJÓNUSTUAÐILA BRUNAVARNA.

Þjónustuaðili skal fylgja í hvívetna ákvæðum laga um brunavarnir nr. 75/2000, reglugerðar um þjónustuaðila brunavarna nr. 1067/2011, reglugerðar um slökkvitæki nr. 1068/2011 og leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar, auk ákvæða reglna Vinnueftirlits ríkisins og annarra reglugerða sem varða framkvæmd þjónustu hans á grundvelli starfsleyfis þessa. Í þessu felst m.a. eftirfarandi:

- Starfsmenn sem annast viðhald, skoðun, áfyllingu og þrýstiprófun handslökkvitækja á vegum starfsleyfishafa skulu hafa viðurkenningu Mannvirkjastofnunar.
- Þjónustuaðili skal gæta þess að hafa á hverjum tíma í þjónustu sinni nægan fjölda hæfra starfsmanna til að vinna þau störf sem starfsleyfi Mannvirkjastofnunar tekur til.
- Þjónustuaðili skal hafa yfir að ráða mælum og öðrum tækjabúnaði til að geta innt af hendi þjónustu samkvæmt starfsleyfi Mannvirkjastofnunar með fullnægjandi og öruggum hætti í samræmi við leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar.
- Láti ábyrgðarmaður af störfum skal þjónustuaðili án tafar tilnefna nýjan ábyrgðarmann og tilkynna það Mannvirkjastofnun. Þjónustuaðila er óheimilt að veita þjónustu við handslökkvitæki án ábyrgðarmanns.
- Á starfsstöð skulu vera leiðbeiningar frá framleiðanda eða umboðsmanni brunavarna-búnaðar um það hvernig og hversu oft viðkomandi brunavarnabúnaður skal yfirfarinn sem og annað sem máli skiptir um þjónustu brunavarnabúnaðarins.
- Þjónustuaðili skal halda skrá yfir allan brunavarnabúnað sem hann annast til að tryggja rekjanleika á viðhaldi búnaðarins. Í skránni skal koma fram framleiðandi, tegund og verksmiðjunúmer búnaðar eftir því sem við á. Mannvirkjastofnun skal hafa aðgang að skránni vegna eftirlits.

Mannvirkjastofnun getur svipt þjónustuaðila starfsleyfi ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu að mati Mannvirkjastofnunar, svo sem ef hann hefur ekki lengur í þjónustu sinni starfsmenn sem uppfylla hæfnisskilyrði reglugerðar um þjónustuaðila brunavarna, hefur ekki tilnefnt ábyrgðarmann eða hefur ekki yfir að ráða fullnægjandi búnaði. Sama á við ef þjónustuaðili hlítir ekki fyrirmælum Mannvirkjastofnunar eða brýtur ítrekað gegn ákvæðum laga um brunavarnir eða reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.